

Nd.

140. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Flutningsm.: Sigurj. Jónsson.

1. gr.

Í stað 2. málsg. 2. gr. laganna komi:

Pegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmeun í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um allt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, allt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkv. ósk bæjarfógetans á Ísafirði, vegna þess, að með núverandi löggjöf sje ekki unt að koma fullnægjandi skipun á brunamál Ísafjarðar, en með þessari breytingu á lögnum frá 1883 ætti að vera bót á því ráðin.